



Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Grundargötu 44
350 Grundarfirði
BT: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir

Dagsetning **27. febrúar 2025**
Málsnúmer MRN24100039

Fjárveitingarbréf 2025

Með tilkomu laga um opinber fjármál nr. 123/2015 er tilefni til að endurskoða árangursstjórnunarferlið í heild sinni. Fjárveitingabréfið er, á grundvelli 28. gr. laganna, liður í því og er viðbúið að framsetning og efni bréfsins taki einhverjum breytingum er fram líða stundir.

Fjárveitingabréfinu er ætlað að veita **yfirsýn** yfir **tengingar** milli:

- Stefnu málefнасviðs/málaflokks í fjármálaáætlun,
- fjárveitinga til ríkisaðila, sbr. fjárlög og
- framkvæmdar, sbr. stefnumiðaða áætlun ríkisaðila í A-hluta fyrir þrjú ár.

Fjárveitingabréfið upplýsir **formlega** um staðfestingu á stefnumiðaðri áætlun ríkisaðila í A-hluta til næstu þriggja ára, sbr. 31. gr. laganna, og samþykki á ársáætlun, sbr. 32. gr. laganna.

1. Markmið og áherslur málefнасviðs og/eða málaflokks

Starfsemi Fjölbrautaskóla Snæfellinga fellur undir **málefнасvið 20 framhaldsskólastig og málaflokk 20.1 Framhaldsskólar**. Í gildandi fjármálaáætlun eru framtíðarsýn og meginmarkmið sett fram fyrir málefнасviðið en markmið, mælikvarðar og aðgerðir sem vinna skal að á tímabili áætlunarinnar koma fram undir málaflokknum.

Framtíðarsýn er að fleiri einstaklingar verði virkir þátttakendur í samfélaginu, vel undirbúnir fyrir þátttöku á vinnumarkaði, tæknibreytingar og fræðilegt og/eða starfstengt framhaldsnám.

Meginmarkmið er að veita framúrskarandi menntun um allt land með áherslu á þekkingu, vellíðan, þrautseigju og árangur í umhverfi þar sem allir skipta máli og geta lært.

Markmið málaflokksins hafa víðtæka tengingu við áherslur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar, velsældaráherslur ríkisstjórnar og styðja jafnframt við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:

1. Hækka hlutfall nemenda sem ljúka starfs- og tækninámi og jafna kynjadreifingu.
2. Fjölga nemendum sem ljúka námi úr framhaldsskóla.
3. Auka gæði menntunar í framhaldsskólum.

2. Stefnumiðuð áætlun ríkisaðila

Stefnumiðuð áætlun Fjölbrautaskóla Snæfellinga er staðfest. Hún er í samræmi við gildandi stefnu yfirvalda fyrir það/þau málefнасvið/málaflokk sem við á og innan fjárveitinga.

Mælanleg og aðgerðabundin markmið fyrir kjarnastarfsemi á árunum 2025-2027 eru:

1. Að auka gæði menntunar í FSN
2. Að fjölga fjarnemendum við FSN
3. Efla nýsköpunar- og frumkvöðlamennt
4. Fjölga námsleiðum við FSN

3. Ársáætlun og fjárveitingar samkvæmt fjárlögum fyrir 2025

Ársáætlun skal sýna ráðstöfun fjárveitinga samkvæmt fylgiriti með fjárlögum og áætlun rekstargjöld, tekjur og fjárfestingu. Ársáætlun skal vera innan ramma fjárveitinga rekstrarársins að teknu tilliti til höfuðstóls fyrra árs. Bókhald skal fært með þeim hætti að það gefi rétta mynd af stöðu stofnunar á hverjum tíma. Ef veruleg frávik verða frá ársáætlun innan rekstrarársins hvílir sú skylda á forstöðumanni að tilkynna ráðuneytinu án tafar ástæður þeirra frávik og hvernig fyrirhugað er að bregðast við þeim.

Að teknu tilliti til neðangreinds er ársáætlun Fjölbautaskóla Snæfellinga fyrir rekstrarárið 2025 samþykkt.

Útgjaldarammi er **379,8** m.kr. skv. fjárlögum 2025.

Fjölbautaskóli Snæfellinga	286,2	88,1	5,5	379,8	-18,3	361,5
V 101	286,2	88,1		374,3	-18,3	356,0
V 601			5,5	5,5		5,5

Helstu breytingar frá fjárlögum 2024 eru eftirfarandi:

Stofnun/verkefni	Laun	Önnur gjöld	Eigna-kaup	Til-færslur	Gjöld	Tekjur	Greiðsla
Fjölbautaskóli Snæfellinga	13,9	0,2	0,2		14,3	-0,7	13,6
V 101	13,9	0,2			14,1	-0,7	13,4
Launa, gengis- og verðlagsreikningur	23,5	3,3			26,8	-0,7	26,1
Uppfært reiknilíkan framhaldsskóla	-9,6	-3,1			-12,7		-12,7
V 601			0,2		0,2		0,2
Launa, gengis- og verðlagsreikningur			0,2		0,2		0,2
Samtals:	13,9	0,2	0,2		14,3	-0,7	13,6

Ráðuneytið minnir á að launabætur reiknast á launafjárheimild fjárlaga sbr. tegundaskiptingu hér að framan, en ekki fjárhæð á launalið ársáætlunar. Mikilvægt er að tryggja að tegundaskipting í fjárlögum sé í samræmi við ársáætlun og rauntölur. Ef um teljandi frávik er að ræða er óskað eftir að stofnun veki athygli á því og sendi ráðuneytinu rökstuddar tillögur að breytingum sem stuðst verður við í fjárlagagerð 2026. Þessar upplýsingar þurfa að berast ráðuneytinu fyrir **15. maí 2025**.

4. Áherslur stjórnvalda í ríkisrekstri

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur óskað eftir að fagraðuneyti komi á framfæri ýmsum áhersluverkefnum ríkisstjórnarinnar sem eiga almennt við um allar ríkisstofnanir og er ætlað að stuðla að umbótum í ríkisrekstri, sjá fylgiskjal með bréfi þessu. Fjármála- og efnahagsráðuneytið mun jafnframt birta þessar áherslur á vef Stjórnarráðsins svo þær séu aðgengilegar.

5. Skýrslugjöf og eftirfylgni

Ráðuneytið leggur áherslu á uppbyggileg og góð samskipti við framkvæmd laga um opinber fjármál. Innleiðing og framkvæmd laganna er ferli stöðugra umbóta.

Næstu skref eru undirbúningur fjármálaáætlunar 2026-2030 sem leggur línurnar fyrir þriggja ára stefnumiðaðar áætlanir ríkisaðila 2026-2028 og fjárlög 2026. Gert er ráð fyrir fundum ráðuneytisins með hverri stofnun a.m.k. einu sinni á árinu 2025. Þar fyrir utan verði fundir ef þörf krefur, t.d. vegna stefnumótunar málefnasviðs og málaflokka í fjármálaáætlun, yfirferðar á markmiðum og mælingum sem þeim tengjast, yfirferðar á áætlunum og yfirferðar á ársskýrslu.

Samskipti, skýrslugjöf og eftirfylgni		
Mánuðir	Ráðuneyti	Stofnun
Apríl		Sendir skýringar á frávikum frá áætlun og hvernig fyrirhugað er að bregðast við þeim, fyrir 22. apríl , – ef veruleg frávik eru á áætlaðri stöðu miðað við bókhald fyrsta ársfjórðungs. Skila fjárlagatillögum fyrir 20. apríl fyrir árið 2026 (sbr. 22. gr. LOF).
Mái		Upplýsir ef breyta þarf hagrænni skiptingu fjárveitinga og/eða fjárfestingarframlagi fyrir árið 2026, fyrir 15. maí 2025 .
Júní	Birtir ársskýrslu ráðherra 1. júní . Í kjölfar samþykktar Alþingis á fjármálaætlun 2026-2030: Upplýsir um meginforsendur fyrir fjárveitingar komandi árs – ef um verulegar breytingar er að ræða, eftir því sem vinnu við skiptingu fjárheimilda málaflokka miðar fram.	Hefur vinnu við stefnumiðaða áætlun 2026-2028 (stefnuskjal), í kjölfar samþykktar Alþingis á fjármálaáætlun.
Júlí		Sendir skýringar á frávikum frá áætlun og hvernig fyrirhugað er að bregðast við þeim, fyrir 22. júlí , – ef veruleg frávik eru á áætlaðri stöðu miðað við bókhald annars ársfjórðungs.
Ágúst		Upplýsir ef breyta þarf fjárfestingaframlagi ársins 2025, fyrir 15. ágúst 2025 .
September	Kallar eftir ársáætlun, stefnumiðaðri áætlun (stefnuskjal) 2026-2028. Kallað verður eftir stefnumiðaðri áætlun fyrri hlutann í september. Fundur skrifstofu með einstökum stofnunum um fjármál og áætlanagerð. Boðar til sameiginlegs fundar með stofnunum, sem haldinn skal fyrir 15. september. Á fundinum verðar línur vegna vinnunnar lagðar.	
Október	Yfirfer stefnumiðaða áætlun (stefnuskjal) og samþykkir/staðfestir með fyrirvara um breytingar Alþingis á fjárlagafrumvarpi, fylgiriti og/eða greinargerð. Endanleg fjárveiting til stofnunar mun liggja fyrir innan tveggja vikna frá samþykki fjárlaga.	Í kjölfar framlagningar á fjárlagafrumvarpi 2026 ásamt fylgiriti og greinargerð: Skilar ársáætlun 2026, stefnumiðaðri áætlun 2026-2028 og fjárlagatillögum fyrir árið 2026, fyrir 15. október . Sendir skýringar á frávikum frá áætlun og hvernig fyrirhugað er að bregðast við þeim, fyrir 22. október , – ef veruleg frávik eru á áætlaðri stöðu miðað við bókhald þriðja ársfjórðungs.

Nóvember	Yfirfer innsenda ársáætlun 2026 og samþykkir/staðfestir með fyrirvara um breytingar Alþingis á fjárlagafrumvarpi, fylgiriti og/eða greinargerð. Endanleg fjárveiting til stofnunar mun liggja fyrir innan tveggja vikna frá samþykki fjárlaga. Boðar hverja stofnun á fund um innsenda stefnumiðaða áætlun.	Sendir endurskoðaða ársáætlun 2026 til samþykktar – ef breytingar verða á fjárveitingu í meðförum Alþingis.
Desember	Samþykkir ársáætlun og staðfestir stefnumiðaða áætlun með fjárveitingabréfi, enda séu kröfur uppfylltar.	Færir ársáætlun 2026 í ORRA fyrir 31. desember.

Ráðuneytið óskar eftir því að stofnunin skili ársskýrslu fyrir árið 2024 fyrir 1. maí 2025. Í skýrslunni skal gera grein fyrir eftirfarandi þáttum:

- Árangur af markmiðasetningu í stefnumiðaðri áætlun stofnunar, stöðu árangursmælikvarða.
- Framvindu og ávinningi af áhersluverkefnum.
- Fjárhagslegri afkomu: Ársreikningur.
- Almennri starfsemi; kjarnastarfsemi og rekstrarþáttum og öðrum áherslum.

Hafþór Einarsson

F.h. ráðherra
Hafþór Einarsson

Halldóra E. Ólafsdóttir

F.h. ráðherra
Halldóra Elín Ólafsdóttir

Áherslur í ríkisrekstri fyrir árið 2025

Áherslur og markmið í ríkisrekstri lúta að góðri þjónustu, sjálfbærum rekstri og öflugum mannauði. Í tengslum við áherslurnar standa stofnunum til boða ýmis verkefni, til að ná fram betri og hagkvæmari þjónustu.

Góð þjónusta

- Taki Stafræn skref í samvinnu við Stafrænt Ísland.
- Taki þátt í þjónustukönnun ríkisins til að meta gæði þjónustunnar.
- Skoði fjárfestingarframlag við endurnýjun eldri upplýsingatæknikerfa.
- Kynni sér ávinningsmat stafrænna ferla hjá Stafrænu Íslandi.
- Nýti skýjaþjónustur meðal annars í gegnum samning um skýjaþjónustu.

Öflugur mannauður

- Nýti námskeið Stafræna skólans til að efla stafræna færni starfsfólks.
- Taki þátt í stafrænni hæfnikönnun og nýti endurmenntunarsjóði til framþróunar mannauðs.
- Viðhafi stefnumiðaða mannauðsstjórnun og styðjist við mannauðstorg ríkisins.
- Hugi að samsetningu mannauðs með tilliti til fjölbreytileika og inngildingar m.a. með því að fjölga sveigjanlegum störfum fyrir fólk með skerta starfsgetu.
- Útbúi starfsþróunaráætlun fyrir markvissa og stefnumiðaða þjálfun og fræðslu sem tekur mið af framtíðarþörfum stofnana.

Sjálfbær rekstur

- Öll störf séu auglýst óstaðbundin nema sérstakar aðstæður krefjist annars.
- Taki græn skref í ríkisrekstri og tryggi virka umhverfisstjórnun.
- Skoði möguleika á að nýta gervigreind í starfsemi til að auka framleiðni og bæta þjónustu.
- Auki þekkingu starfsfólks á innkaupum í gegnum innkaupaskólann.
- Skrái mannauðsgögn í miðlæg kerfi ríkisins, Oracle launakerfi og Vinnustund.
- Skoði aðgerðir til að bæta netöryggi í rekstri tölvu- og netkerfa stofnana og fylgist m.a. með tilkynningunnum CERT-IS netöryggissveitar íslenskra stjórnvalda.
- Tryggi öryggi gagna meðal annars út frá öryggisflokkun gagna ríkisins.